



907. fundur stjórnar GSÍ, 11.02.2019 kl.18:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Á. Sverrisson, Gunnar Gunnarsson, Hansína Þorkelsdóttir, Bergsteinn Hjörleifsson, Hörður Geirsson og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 906. fundar var samþykkt og undirrituð

2. Upplýsingatæknimál

Bergsteinn fór yfir fyrirhugaða dagsetningu og dagskrá á kynningarfundum á tölvukerfinu GolfBox fyrir forsvarsfólk hreyfingarinnar þann 9. mars næstkomandi. Upplýsingatækninefnd, ásamt framkvæmdastjóra, var falið að auglýsa fundinn en í auglýsingunni skal koma fram að hver golfklúbbur megi senda allt að þrjú fulltrúa til fundarins.

Bergsteinn fór yfir samningsdrög milli GSÍ og IOS ehf. vegna ársins 2019. Stjórn samþykkti að fela upplýsingatækninefnd að taka afstöðu til þess hvort nýtt útlit golf.is, sem búið er að hanna, yrði sett í loftið fyrir næsta tímabil.

Ræddar voru tillögur að tímasettri áætlun næstu mánaða í tengslum við upplýsingatæknimál. Stjórn samþykkti að boða til aukagolfþings þann 23. mars næstkomandi en til þingsins þarf að boða með mánaðarfyrirvara. Ef samningar nást við GolfBox og stjórn sambandsins fellst á að ganga til samninga við félagið, þá verður samningsgerðin borin undir aukagolfþing, í samræmi við áður kynnta áætlun stjórnar.

3. Stefnumótun GSÍ 2020-2027

Haukur Örn fór yfir stöðu á stefnumótun hreyfingarinnar og hvernig tekist hefur til varðandi það að halda áætlun. Haukur sagði að vinnan væri tveimur vikum á eftir áætlun og raki ástæður þess. Formönnum starfsnefnda voru kynnt næstu skref í ferlinu. Seinni hluti skoðanakönnunar verður send út á morgun. Haukur Örn, ásamt stýrinefnd, stefnir á að sitja fundi starfsnefnda á næstu vikum þar sem unnið verður úr niðurstöðum könnunarinnar.

4. Afreksstjóri GSÍ, ráðningarferli/viðtöl



Haukur Örn fór yfir áherslur ráðningarferlis og stöðu viðtala hjá afreksnefnd við umsækjendur. Stefnt er að því að ljúka við ráðningu á nýjum afreksstjóra fyrir lok febrúar.

5. Fjármál, samstarfsaðilar, félagagjöld í vanskilum

Haukur Örn fór yfir félagagjöld í vanskilum en ákveðið var að setja kröfurnar í innheimtu síðasta haust. Bréf voru send á þá golfklúbba sem enn skulda félagagjöld þar sem þeir voru hvattir til þess að greiða upp vanskil eða semja um þau fyrir 20. febrúar nk., að öðrum kosti yrði aðgerðum skv. 13. gr. laga sambandsins beitt.

Farið var yfir stöðu samstarfsaðila GSÍ en nú standa viðræður við þá samstarfaðila sem eru með lausa samninga.

6. Önnur mál

- RÚV. Brynjar gerði stuttlega grein fyrir viðræðum við RÚV varðandi áframhaldandi samstarf.
- Vinnuferð stjórnar 25.-28. apríl 2019. Haukur Örn gerði grein fyrir dagskrá ferðarinnar.

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið kl. 20:15